

Erindisbréf Starfshópur vegna fyrirkomulags sorphirðu í Hafnarfirði

Hlutverk:

Hópurinn skal ákveða fyrirkomulag sorphirðu í Hafnarfirði, í samræmi við stefnu SSH. Samhliða ákvörðun á fyrirkomulagi skal starfshópurinn taka þátt í vinnu vegna undirbúnings útboðs á sorphirðu.

Skipan hópsins:

Starfshópurinn skipa þrjú fulltrúar, tveir fulltrúar frá meirihluta og einn fulltrúi frá minnihluta, skulu þeir skipaðir frá umhverfis- og framkvæmdarráði.

Starfsmenn hópsins eru:

Helga Stefánsdóttir og Ishmael David frá umhverfis- og skipulagssviði.

Skipulag:

Hópurinn tekur til starfa eftir að erindisbréf hefur verið samþykkt af umhverfis- og framkvæmdarráði og skipað hefur verið í starfshópinn. Hópurinn starfar í umboði umhverfis- og framkvæmdarráðs.

Starfshópurinn mun ákveða fyrirkomulag sorphirðu í Hafnarfirði og vinna með ráðgjöfum að útboði vegna sorphirðu bæjarins.

Gert er ráð fyrir að hópurinn fundi að hámarki 10 sinnum. Áætlaður kostnaður er um 800.000 kr.

Starfshópurinn skal halda fundargerðir sem lagðar verða fyrir umhverfis- og framkvæmdarráð. Starfshópnum er óheimilt að stofna til kostnaðar án samþykkis umhverfis- og framkvæmdarráðs, fjárheimildir skulu vera fyrir útgjöldum.

Lokaskýrslu með tillögum skal skilað til umhverfis- og framkvæmdarráðs fyrir 1. febrúar 2022.

Samþykkt á fundi umhverfis- og framkvæmdarráðs xx.xx.2021

Í starfi sínu skal hópurinn hafa til hliðsjónar jafnréttis- og mannréttindastefnu Hafnarfjarðarbæjar sem hefur það að markmiði að virða mannréttindi. Kynja- og jafnréttissjónarmið skal samþætt allri starfsemi bæjarins og jafnrétti meðvitað haft í huga við alla stefnumótun og ákvarðanatöku